

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Trjálundasjóð Mosvallahrepps, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra, 7. marz 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Trjálundasjóð Mosvallahrepps.

1. gr.

Sjóður þessi heitir Trjálundasjóður Mosvallahrepps og er stofnaður af Hólmgæiri Jónssyni á Þórustöðum með 5000 króna gjöf.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja skruðgarða við bæi í Mosvallahreppi, m. a. með því að greiða kostnað við leiðbeiningastarfsemi.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru auk vaxta minningargjafir og önnur framlög, er honum kunna að áskotnast.

4. gr.

Allt að $\frac{3}{4}$ hlutum af tekjum sjóðsins má verja til framkvæmda jafnóðum, en hinn hluti teknanna geymist í fastasjóði, sem þó er heimilt að lána til framkvæmdanna gegn fullri tryggingu.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins eru þrír, kosnir til þriggja ára í senn, þannig að einn gengur úr árlega. Félagið Vonin kýs einn þeirra, en Kvenfélag Mosvallahrepps tvo.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal færa í gerðabók fundargerðir sínar, skrá um allar gjafir er sjóðnum berast, og ársreikninga sjóðsins og annað, er varðar hag hans og rekstur. Endurskoðandi reikninganna skal kosinn af Kvenfélagi Mosvallahrepps.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Holti, 2. desember 1962.

Elín Hólmgæirsdóttir. Guðm. Ingi Kristjánsson. Guðrún Össurardóttir.

Guðmundur Gilsson. Jóhanna Kristjánsdóttir.